

Því úrskurðast:

Framangreindra gagna og upplýsinga skal aflað svo fljótt sem unnt er.

Fimmtudaginn 30. marz 1950.

Nr. 20/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h.
Sjómannafélags Reykjavíkur**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Ingólfur Jónsson hdl.).

Deilt um skilning á ákvæðum kjarasamnings um hafnarleyfi skipverja.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 7. des. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Skipaútgerð ríkisins.

Málavextir eru þeir, að í 11. gr. samnings, dags. 30. júní f. á., um kaup og kjör háseta og 10. gr. samnings, dags. sama dag, um kaup og kjör kyndara, milli Sjómannafélags Reykjavíkur annars vegar og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. hins vegar, er svo um samið, að hásetar og kyndarar skuli fá frí annan hvern dag meðan skip liggur í Reykjavíkurhöfn og Hafnarfirði, ef sjóvökum er lokið. Þó skulu þessir frídagar ekki vera fleiri en 4 á mánuði, þar með taldir sunnudagar. Samningsákvæði þetta mun fyrst hafa komið inn í kjarasamninga málsaðilja við samningsgerð í nóvembermánuði 1945. Er því haldið fram í máli þessu af hálfu stefnda, að á skipum hans hafi þetta verið framkvæmt með þeim hætti, að er skip var í höfn þar sem gefa átti hafnarleyfi samkvæmt greindu ákvæði, hafi frá upphafi verið fylgt þeirri reglu, að helmingur háseta tæki hafnarfrí í einu. Skipshöfn sé að þessu leyti skipt í tvo flokka. Fylgi sömu hásetar sama stýrimanni og sé það undir því komið, hvaða stýrimaður taki frí, hvor flokkur skipshafn-

arinnar fái landgönguleyfi. Það hafi verið með vitund og vilja hásetanna, að hafnarleyfum væri hagað svo og stefnandi aldræi að því fundið fyrir en á s.l. sumri. Stefndi kveður, að það geti að vísu komið fyrir, að skipverji, sem leyst hafi af hendi 4 stunda sjóvakt og 4 stunda vinnu, fái þannig 4 stunda hafnarleyfi á þeim sama sólarhring, en þetta sé jafnað upp með síðari leyfum og í engu á hann hallað.

Stefnandi vill ekki á það fallast, að þessi framkvæmd stefnda sé í samræmi við framangreind ákvæði umræddra kjarasamninga. Telur hann, að óheimilt sé með öllu samkvæmt ákvæðum nefndra samninga að reikna háseta það til hafnarleyfis, er hann fái frí frá skipi á þeim sólarhring, sem hann hefur þegar leyst af hendi 8 stunda vinnu. Samkvæmt ákvæðum sömu samninga sé vinnutíminn ekki nema 8 stundir, en útilokað, að hægt sé að telja háseta eða kyndara til hafnarleysis tíma utan venjulegs vinnutíma þeirra. Stefnandi kveðst ekki hafa vitað um það fyrir en á s.l. sumri, að sá háttur væri hafður á skipun stefnda, sem að framan er lýst, og hann því engan rétt misst úr hendi sér til að krefjast þess, að framfylgt sé á réttan hátt ákvæðum framangreindra samninga, þótt önnur skipan kunni að hafa tíðkæzt. Er mál þetta af þessum ágreiningi risið og gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði, að framangreindar samningsgreinar séu rétt skildar og framkvæmdar svo, að ekki geti verið um frídaga samkvæmt framangreindum samningsákvæðum að ræða, er svo stendur á, að háseti eða kyndari hefur skilað 8 stunda vinnu á þeim sama sólarhring, hvort sem vinnan fer fram í höfn eða á siglingu að öllu eða nokkru leyti.

Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, þannig að dæmt verði, að honum sé heimilt að telja það hálfan hafnarleyfisdag, þegar háseta eða kyndara er gefið landgönguleyfi kl. 12 á komudegi skips í landleyfahöfn, þó hann hafi þá skilað átta stunda vinnu á þeim sama sólarhring. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt munnlegum málflutningi aðilja er um það eitt deilt í þessu máli, hvort stefnda sé heimilt að telja það til

hafnarleyfa samkvæmt 11. gr. framangreinds hásetasamnings og 10. gr. nefnds kyndarasamnings frá 30. júní f. á., er háseti eða kyndari, sem leyst hafa af hendi 8 stunda vinnu, fá landgönguleyfi frá kl. 12 á hádegi á þeim sama sólarhring.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. framangreinds hásetasamnings má sjóvaka og vinnutími við land, þegar skip kemur til hafnar eða fer úr höfn, ekki fara fram úr 8 klst. samtals á sama sólarhring, ella greiðist fyrir yfirvinnu. Í 4. gr. nefnds kyndarasamnings segir, að vinnutími skuli vera 8 tímar og skal ekki unnið utan venjulegs vinnutíma, er skip liggur við land, nema verkið þoli ekki bið vegna öryggis skipsins.

Samkvæmt þessum samningsákvæðum og eðli málsins verður ekki talið, að sú framkvæmd á margnefndum kjarasamningum, sem stefndi hefur upptekið og lýst er hér að framan, sé, gegn andmælum stefnanda, samrýmanleg 11. gr. hásetasamningsins og 10. gr. kyndarasamningsins.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að taka dómkröfur stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Óheimilt er að telja það til hafnarleyfa samkvæmt 11. gr. framangreinds hásetasamnings og 10. gr. framangreinds kyndarasamnings frá 30. júní 1949, er háseti eða kyndari fá landgönguleyfi kl. 12 á hádegi, og svo stendur á, að þeir hafa á þeim sama sólarhring leyst af hendi samtals 8 stunda vinnu.

Málskostnaður fellur niður.